

## 2. fundur IOTA deildar DKG haldinn á Ísafirði 7. nóvember 2023

Mætt var í Háskólasetur Vestfjarða kl. 18.30 þar sem Peter Weiss tók á móti okkur, sýndi okkur húsnæðið og sagði okkur frá tilurð Háskólaseturs Vestfjarða sem byrjaði árið 2005 og heldur núna úti tveimur námsbrautum – að mestu í fjarnámi, en þó eru staðbundnar lotur.

Að því loknu var haldið í Menntaskólann á Ísafirði þar sem Ása formaður setti fundinn og kveikti á kertunum þremur. Mættar voru 14 konur, 3 gestir og forseti DKG á Íslandi Árný Elíasdóttir.

Jónína Hrönn las upp markmið DKG og að því loknu var matur í boði Ásu og Bryndísar snæddur.

Árný landsforseti var með orð til umhugsunar en hún lagði út frá kvennakrafti. Í DKG á Íslandi eru 13 deildir með 330 konum – og er Íslandsdeild DKG langstærst í Evrópu. Þar er aldeilis kvennakraftur. Hún sagði okkur frá því hvað DKG konan stæði fyrir en það er leiðtogi, kennari og skapandi hugsuður. Hún sagði okkur einnig frá framkvæmdaráætlun landsstjórnarinnar og Ása sagði frá á síðasta fundi.

Liðurinn «Kona kynnir sig» var endurnýjaður og reið formaðurinn okkar á vaðið, Vilborg Ása.

Margt var spjallað en ekki fært til bókar og almenn ánægja með þessa miklu og góðu mætingu. Næsti fundur verður jólafundurinn okkar þann 6. desember.

Jónína Hrönn Símonardóttir, ritari.